



Ármann og Þróttur

Voga- og Höfðabyggð

Glímufélagið Ármann

- ▶ Glímufélagið Ármann var stofnað 15. desember árið 1888 á túnbletti við Rauðará í Reykjavík.
- ▶ Ármann flutti starfsemi sína úr Sóltúni í núverandi aðstöðu sína í Laugardalnum árið 2006.
- ▶ Ármann er elsta samfelld starfandi íþróttafélag landsins með 11 deildir og 2500 iðkendur.
- ▶ Með núverandi húsnæði var leyst úr brýnustu þörfum þriggja deilda en aðrar deildir og félagsaðstaða sátu eftir.

Knattspyrnufélagið Þróttur

- ▶ Knattspyrnufélagið Þróttur var stofnað árið 1949 í gömlum herbragga í Vesturbænum.
- ▶ Félagið var starfrækt í Vesturbæ Reykjavíkur til ársins 1969 þegar því var úthlutað svæði við Sæviðarsund í Sundahverfinu .
- ▶ Þar starfaði félagið til 1998 þegar það flutti á framtíðarsvæði sitt í Laugardalnum. Í Laugardalnum verður heimili Þróttar um ókomna tíð og þar slær hjartað í Reykjavík. Við lítum því á okkur sem eina að lykilstoðum hverfisins.
- ▶ Félagið er í grunninn fjölskylduvænt félag með sterkan foreldrarkúltúr sem hefur stækkað og vaxið mikið undanfarin ár.
- ▶ Fyrirhöguð er mikil uppbygging á knattspyrnusvæði félagsins og innanhúsaðstöðu í nýju íþróttahúsi. Það verður byggt í samvinnu við skólana í hverfinu sem kennsluhús og muni einnig þjónað íbúum í hverfinu, ungum og öldnum.


Samvinna félaganna í gegnum árin!

- ▶ Þróttur og Ármann urðu nágrannar með flutningi Ármanns í Laugardalinn árið 2006
- ▶ Heilt yfir hefur samstarf félaganna gengið vel. Þau samnýta hluta húsnæðis og eins hafa sumar deildirnar átt ágætt samstarf. Í sameiningu er rekin íþróttarúta Laugardals sem kemur krökkunum frá skólunum að félagssvæðinu.
- ▶ Í gegnum tíðina hafa verið haldin sameiginleg námskeið, kölluð Fjölgreinaskólinn, þar sem börn fara í hinar ýmsu íþróttagreinar hjá báðum félögum.

Höfuðstöðvar Ármanns flytjast í nýja byggð!

- ▶ Glímufélagið Ármann er tilbúið að flytja höfuðstöðvar í nýtt hverfi í Voga-og Höfðabyggð.
- ▶ Í sameiningu geta Ármann og Þróttur boðið upp á góða þjónustu og fjölbreytt íþróttastarf fyrir nýtt hverfi.
- ▶ Öll aðstaða í nýju hverfi kallast vel á við aðstöðuna í Laugardal.
- ▶ Hugmyndir félaganna tengjast vel hugmyndum borgarinnar varðandi græn svæði, útivist og vistvæn hverfi og vistvænar samgöngur. Tenging við stofnstígakerfi borgarinnar.
- ▶ Greið tenging á milli nýs hverfis og Laugardals. Fjarlægð frá Laugardalnum er aðeins um 2,2 – 2,4 km og tekur um 10 mín að hjóla á milli svæða. Einnig mun ný Borgarlína liggja í gegnum hverfið og inn í Laugardal.

Mjög dreifð búseta iðkenda Ármanns



- Ármann þjónustar iðkendur af öllu höfuðborgarsvæðinu.
- Hitakort tekið úr skráningarkerfi Ármanns. (Sportabler).
- Ekki eru allir komnir inn í kerfið þar sem flutningur frá Nóra yfir í Sportabler klárast haust 2021.

Mikið úrval íþróttagreina

Íþróttagrein (ÍSÍ)	Árman	Þróttur
Kattspyrna		x
Handknattleikur		x
Körfuknattleikur	x	
Blak		x
Fimleikar	x	
Frjálsar	x	
Sund	x	
Skíði	x	
Listskautar		
Íshokki		
Júdó	x	
Karate		
Taekwondo	x	
Tennis		x
Badminton		
Borðtennis		
Kraftlyftingar	(x)	
Ól lyftingar	(x)	
Keila		
Glíma		
Fjöldi greina innan ÍSÍ	9	4
Aðrar greinar		
Píla		
Skák		x
Raíþróttir	x	
Almenningsíþróttir		
Fjöldi annarra greina	1	1
Fjöldi greina í heild	10	5

- Sameiginlega bjóða félögin upp á fjölbreyttasta úrval íþróttar sem stundaðar eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Í boði eru 16 mismunandi íþróttagreinar. Það ætti því að vera nokkuð tryggt að börn geti fundið sér íþrótt við hæfi hjá öðru hvoru félaginu.
- Í undirbúningi eru stofnun nýrra deilda sem auka enn á fjölbreytnina. Deildir sem eiga að höfða enn meira til almennings, m.a. Hjóla og píludeild auk meiri áherslu á eldri borgara.

Þróttur í Laugardalnum og í nágrenni

- ▶ Við leggjum mikla áherslu á að Þróttur haldi áfram sterkri tengingu inn í Vogahverfið og svo áfram inn í hið nýja hverfi. Á þeim tíma sem félagið starfaði í Sæviðarsundinu mynduðust sterk tengls við íbúanna sem halda mjög vel enn í dag. Íbúarnir og iðkenndur líta á sig sem Þróttara og hverfið sem Þróttarahverfi.
- ▶ Mjög margir núverandi iðkenndur koma úr Voga og Langholtshverfinu.
- ▶ Einnig er rétt að minnast á stuðningsmannafélag Þróttar, Köttarana, sem stofnaðir voru í hverfinu árið 1996 og hafa síðan verið áberandi í félaginu og eru stuðningsmönnum annara liða fyrrimynd. Allir þeir sem halda með Þrótti eru sjálfkrafa Köttarar og er áhersla á að kímigáfa og manngæska svífi yfir vötnum hjá Kötturum – ungum sem öldnum.

Hugmyndir Ármanns

- ▶ Skrifstofur og félagsaðstaða.
- ▶ Hópfimleika/Parkour hús.
- ▶ Körfuknattleikssalur, að skólaíþróttahús sé nægilega stórt.
- ▶ Lyftinga- og þrekaðstaða fyrir deildir félagsins.
- ▶ Tímaúthlutun í nýrri sundlaug.
- ▶ Útisvæði sem hægt er að nýta fyrir frjálsar og almenning.

- ▶ Sýn Ármanns er að tengja íþróttir í hverfinu við heilsueflingu almennings og gera fjölnota (tartan) íþróttasvæði utanhúss sem hægt verði að samnýta með nokkrum íþróttagreinum t.d. frjálsar, parkour, úti körfuboltasvæði, battavöllur, strandblak og þrektæki fyrir almenning.
- ▶ [Athletics Exploratorium in Odense, IOC/IAKS Award 2015 - YouTube](#)

Hugmyndir Þróttar

- ▶ Höfuðstöðvar Þróttar verða áfram í Laugardalnum og væntum við mikils af þeirri uppbyggingu sem þar er í farvatninu. Blak, handbolti, tennis og aðrar greinar verði þar. Knattspyrnan verði á nýjum völlum á Valbjarnarsvæði og við félagshúsið.
- ▶ Það þarf uppbyggingu í hinu nýja hverfi og leggjum við áherslu á að aðstaðan verði ekki útibú heldur fullgildur vettvangur Þróttar m.a. með tilliti til barna og foreldra. Þau muni ekki upplifa sig þannig að þau séu útundan.
- ▶ Í nýju hverfi verði gervigrasvöllur í fullri stærð ásamt búninga- aðstöðu og þjónustuhúsi. Yngstu iðkenndur hverfisins æfi og keppi í hverfinu á nýjum velli. Aðstaða og þjónusta við völlinn gæti tengst öðrum íþróttamannvirkjum eða skólum sem verða byggð.
- ▶ Gervigrasvöllurinn verði upplýstur, upphitaður og þannig úr garði gerður að hægt sé að spila þar leiki yngri flokka allt árið um kring. Gert sé ráð fyrir áhorfendaaðstöðu (foreldrar).

Hugmyndir Þróttar.

- ▶ Einnig er rétt að nefna að það hafa verið í umræðunni óskir um að byggja knattspyrnuhús miðsvæðis í Reykjavík og Laugardalurinn og nágrenni þá oft verið nefnt sem besta staðsetningin. Það á hiklaust að skoða það að byggja hálft knatthús sem myndi breyta allri vetraraðstöðu félagsins.
- ▶ Þar sem uppbygging í hverfinu er til margra ára og kannski áratuga er yfirbyggt hús nokkuð eðlilegt framhald á aðstöðu sem hefur þróast síðustu áratugi.
- ▶ Rafdrifinn frístundastrætó gæti ekið um hverfið og komið börnum og eldri borgurum á milli staða, t.d. frá Dalbraut í læknaþjónustu í Glæsibæ. Strætóinn væri rafdrifinn og æki ákveðinn hring sem kæmi öllum börnum til og frá æfingum.

Tengsl félaganna við hverfið

- ▶ Samstarf með skólum og frístundamiðstöð hverfisins.
- ▶ Þróttur hefur mjög sterk tengsl við hverfið frá þeim tíma sem félagið var með höfuðstöðvar í Sæviðarsundinu.
- ▶ Fjölmargir iðkenndur félaganna í dag koma úr hverfum sem eru aðliggjandi hinu nýja hverfi, þ.e. Voga- og Langholtshverfi.
- ▶ Skólaíþróttahús – samnýting.
- ▶ Stuðla að heilsuefningu hverfis með því að bjóða upp á hlaupahóp, hjólahópa og aðstöðu fyrir almenning.
- ▶ Félags- og íþróttaaðstaða eldri borgara í hverfinu.
- ▶ Mögulegt samstarf með jaðaríþróttum t.d. klifur, hjólabretti, pílu og sirkus.

Fléttan í Laugardal

- ▶ Með því að flytja höfuðstöðvar Ármanns í Voga- og Höfðabyggð er mögulegt að minnka nýtt íþróttahús Þróttar sem fyrirhugað er að byggja á bílastæði Þróttar.
- ▶ Nýtt íþróttahús yrði eingöngu fyrir Þrótt. Ármann fengi full afnot af gömlu Laugardalshöllinni.
- ▶ Félögin leggja áherslu á að safnfrístund fyrir skólana í hverfinu verði í nýju íþróttahúsi Þróttar. Mikill ávinningur fyrir börnin og fjölskyldur þeirra, félögin, skólana og Reykjavíkurborg.

Samantekt

- ▶ Glímufélagið Ármann hefur upp á mikið að bjóða í nýju hverfi og getur þjónað nánast öllum íþróttapörfum ásamt Þrótti. Starfsemi á þessu svæði getur kallast vel á við starfsemina í Laugardalnum – og væri þetta því fyrirtaks tækifæri til að festa rætur Ármanns til framtíðar í nýju hverfi.
- ▶ Ármann er tilbúið að flytja höfuðstöðvar í nýtt hverfi í Vogabyggð og Höfðabyggð.
- ▶ Þarfir félaganna í hverfinu: Körfuknattleikshús, hóp fimleika og parkour aðstaða, gervigrasvöllur, sundaðstaða, lyftingaaðstaða og þreksalur ásamt útiaðstöðu fyrir frjálsar og almennings íþróttir.
- ▶ Nauðsynlegt er að bæta félagsaðstöðu Ármanns. Erfitt er að búa til félagsanda þegar ekki er til aðstaða til samveru. Með félagsaðstöðu á einum stað myndast samkennd og samvinna þvert á deildir félagsins.